

Skrifstofa Alþingis
Nefndasvið
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 29. apríl 2016
Tilv.2016040061

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (tryggingagjald, samsköttun milli skattþrepa o.fl.) – 667. mál 145. löggjafarþings.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR) hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (tryggingagjald, samsköttun milli skattþrepa o.fl.) – 667. mál 145. löggjafarþings. Eftirfarandi umsögn ÁTVR takmarkast við umfjöllun um 10. gr. frumvarpsins, en þar eru lagðar til breytingar á 6. gr. núgildandi laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki (gjaldalaga). Breytingarnar lúta að niðurfellingu áfengisgjalds¹ af áfengi sem:

- I. Ferðamenn hafa meðferðis til landsins (5. tl. 1. mgr. 6. gr.),
- II. skipverjar á íslenskum skipum eða skipum í leigu íslenskra aðila hafa meðferðis eftir að hafa verið 15 daga eða lengur í ferð (1. mgr. 6. tl. 1. mgr. 6. gr.),
- III. skipverjar á íslenskum skipum eða skipum í leigu íslenskra aðila hafa meðferðis hafi ferð varað skemur en 15 daga (2. mgr. 6. tl. 1. mgr. 6. gr.),
- IV. flugverjar, þ.m.t. flugverjar í aukaáhöfn, hafa meðferðis, eftir að hafa verið 15 daga eða lengur í ferð (1. mgr. 7. tl. 1. mgr. 6. gr.) og
- V. flugverjar, þ.m.t. flugverjar í aukaáhöfn, hafa meðferðis, hafi ferð varað skemur en 15 daga (2. mgr. 7. tl. 1. mgr. 6. gr.).

ÁTVR telur frumvarpið ekki nægilega ígrundað og gerir athugasemdir við að í engu sé vikið að afleiðingum þess fyrir lýðheilsu, en slík sjónarmið eru tvímælalaust grundvöllurinn að áfengisstefnu í landinu.

Samkvæmt athugasemdum í greinargerð með lagafrumvarpinu er tilgangur þeirra lagabreytinga sem mælt er fyrir um að einfalda og auka skilvirkni leiðbeiningagjafar og eftirlits með gjaldfrjálsum innflutningi. Tekið er fram að breytingin muni hafa þau áhrif að svigrúm til þess að velja ólíkar samsetningar sterks áfengis, léttvins og öls aukist. Gengið er út frá því að breytingin muni auka áfengissölu í komufríhöfn á kostnað áfengiskaupa innanlands.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að tekin verði upp ný viðmið þegar magn þess áfengis sem framangreindum aðilum er heimilt að flytja til landsins skv. 5. – 7. tl. 1. mgr. 6. gr. gjaldalaga er reiknað. Í stað þess að tilgreina tiltekinn lítrafjölda sterks áfengis, léttvins og öls sem þannig má flytja til landsins í mismunandi samsetningum verði rúmmál framangreindra þriggja

¹ Í umsögninni er notast við hugtakið *gjaldfrjáls innflutningur* þrátt fyrir að 4. tl. 1. mgr. 3. gr. gjaldalaganna geri eftir sem áður ráð fyrir því að á áfengi sem selt er í tollfrjálsum verslunum sé lagt 10% af hefðbundnu áfengisgjaldi.

áfengisflokka umreiknað í einingar og heimild til gjaldfrjáls innflutnings miðuð við samanlagðan einingafjölda. Gengið er út frá því að 0,25 lítrar sterks áfengis teljist ein eining, 0,75 lítrar af léttvíni samsvari einni einingu og 3 lítrar af öli fylli einingu.

ÁTVR getur tekið undir það að tillögur frumvarpsins horfi að vissu marki til einföldunar fyrir starfsmenn friðhafnarinnar og gætu mögulega auðveldað tollefirlit en undirstrikar mikilvægi þess að það sé ekki gert á kostnað lýðheilsuhagsmuna, sem veða að mati ÁTVR mun þyngra.

Skilgreining á sterku áfengi og léttvíni í d. lið 10. gr. frumvarpsins er nýmæli í gjaldalögnum og tvímælalaust til bóta að slíkar skilgreiningar sé að finna í lagatextanum. Rétt er að benda á að þessi hugtök eru ekki notuð með sama hætti annars staðar í áfengislöggjöfni og eru nú aðeins skilgreind í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 630/2008, um ýmis tollfríðindi. Þar segir að miða skuli við að sterkt áfengi sé áfengi sem í er meira en 21% af vínanda að rúmmáli og að léttvín sé áfengi, annað en öl, sem í er minna af vínanda. Öl er ekki skilgreint í reglugerðinni og skilgreiningu á því er ekki heldur að finna í gjaldalögum, því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar eða annars staðar í íslenskri áfengislöggjöf. Hins vegar segir í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu að með öli sé átt við það áfengi sem fellur undir 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. gjaldalaganna, þ.e. öl sem flokkast í vörulið 2203, svo og vörur sem innihalda blöndur af öli og óáfengum drykk og flokkast í vörulið 2206. Að mati ÁTVR væri eðlilegt að þessa skilgreiningu, eða a.m.k. tilvísun í 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna, væri að finna í lagatextanum sjálfum. Raunar telur ÁTVR að rökréttast væri að notast einfaldlega við þá flokkun áfengis sem 1. mgr. 3. gr. gjaldalaganna gerir ráð fyrir og styðst við alþjóðlega tollflokkun í stað þeirrar flokkunar og skilgreininga sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

ÁTVR hefur umreiknað nógildandi heimild til gjaldfrjáls innflutnings áfengis í þær einingar sem frumvarpið mælir fyrir um og borið saman við fjölda eininga sem yrði samkvæmt frumvarpinu heimilt að flytja til landsins án álagningar áfengisgjalds. Samanburðinn er að finna í fylgiskjali með umsögninni og þar má sjá að heildarfjöldi eininga verður ýmist hærri eða lægri, eftir samsetningu nógildandi heimildar, verði frumvarpið að lögum. Eins og áður sagði er þó gert ráð fyrir því að heildaráhrifin verði þau að gjaldfrjáls innflutningur áfengis myndi aukast við gildistöku.

Í athugasemdum greinargerðar með frumvarpinu er nokkuð fjallað um áhrif á afkomu ríkissjóðs en ekkert vikið að lýðheilsusjónarmiðum eins og fyrr segir. ÁTVR telur rétt að undirstrika að álagning áfengisgjalds er ein af grunnstoðum áfengisstefnu íslenskra stjórnvalda sem miðar að því að lágmarka skaðlega neyslu áfengis. Allar breytingar sem hafa í för með sér aukningu á gjaldfrjálsum innflutningi áfengis á kostnað smásölu í vínbúðum stofnunarinnar eru því að mati ÁTVR í andstöðu við þá stefnu.


Rétt er að undirstrika að það hefur verið hluti af áfengisstefnu íslenskra stjórnvalda að stýra og hafa hemil á heildarneyslu áfengis og draga úr óheppilegu neyslumynstri. Þannig hafa stjórnvöld hafa m.a. notað áfengisgjald til neyslustýringar, en skv. 3. gr. gjaldalaganna er áfengi flokkað í þrennt til gjaldskyldu og gjaldtakan þar hæst á áfengi sem í grófum dráttum samsvarar „sterku áfengi“, eins og það er skilgreint í frumvarpinu. Með niðurfellingu áfengisgjalds missa stjórnvöld þetta stjórnæki úr höndum sér.

Það vekur sérstaka athygli að í frumvarpinu er í öllum tilvikum mælt fyrir um aukna heimild til innflutnings á sterku áfengi frá því sem nú er - ef gengið er út frá því að ekki sé einnig flutt inn léttvín eða öl. Eins og fram kemur í meðfylgjandi samanburði er aukningin allt að 100% frá hámarksheimild fyrir hvern þeirra fimm hópa sem taldir eru upp í upphafi umsagnarinnar.. Að

mati ÁTVR er hér um að ræða stefnubreytingu í andstöðu við lýðheilsusjónarmið. ÁTVR telur sjálfsagt að auka valfrelsi neytenda, þó án þess að auka heimildirnar – sérstaklega að því er varðar sterka áfengið.

Þá er rétt að benda á að aukin heimild tiltekinna aðila til innflutnings áfengis án álagningar áfengisgjalds eykur aðstöðumun þeirra sem hafa tök á að ferðast til útlanda og hinna sem ekki eiga þess kost.

Virðingarfyllst, f.h. ÁTVR,



Ívar J. Arndal
forstjóri

Meðfylgjandi:

Yfirlit yfir áhrif frumvarpsins á heimild til gjaldfrjáls innflutnings áfengis.

Fylgiskjal með umsögn ÁTVR um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (tryggingagjald, samsköttun milli skattþrepa o.fl.) – 667. mál 145. löggjafarþings.

Yfirlit yfir áhrif frumvarpsins á heimild til gjaldfrjáls innflutnings áfengis

Í eftirfarandi yfirliti er 1) borin saman heildarheimild til gjaldfrjáls innflutnings áfengis skv. núgildandi lögum og fyrirbyggjandi frumvarpi og 2) heimild til innflutnings á sterku áfengi án áfengisgjalds nú og samkvæmt frumvarpinu ef gert er ráð fyrir að heimildin skv. frumvarpinu sé aðeins nýtt til þess að flytja inn sterkt.

Núverandi heimild, lituð bláu, hefur verið umreiknuð í einingar eins og lagt er til í frumvarpinu. Þær samsetningar sem núverandi fyrirkomulag gerir ráð fyrir skv. 5.-7. tl. 1. mgr. 6. gr. gjaldalaganna og tilheyrandi undirliðum, eru umreiknaðar hver um sig og bornar saman við tillögu frumvarpsins. Niðurstaða samanburðarins er tiltekin við hvern staflað (A., B., o.s.frv.).

Þá er hámarksheimild 5. tl., 1. og 2. mgr. 6. tl. og 1. og 2. mgr. 7. tl. 1. mgr. 6. gr. gjaldalaganna til innflutnings á sterku áfengi borin saman við tillögu frumvarpsins og niðurstaðan tilgreind við hvern tölulið (I., II. o.s.frv.).

I. 5. tl. 1. mgr. 6. gr. gjaldalaga

Ferðamenn - Samtals 6 einingar skv. frumvarpi

A.

1 lítri sterkt áfengi	4 einingar sterkt áfengi
1 lítri léttvín	1,33 einingar léttvín
6 lítrar öl	2 einingar öl
Samtals	7,33 einingar

Frumvarpið gerir ráð fyrir **18% prósent lækkun** núgildandi heimildar til þess að flytja áfengi án áfengisgjalds inn til landsins.

B.

ekkert sterkt áfengi	0 einingar sterkt áfengi
3 lítrar léttvín	4 einingar léttvín
6 lítrar öl	2 einingar öl
Samtals	6 einingar

Frumvarpið gerir ráð fyrir **óbreyttri** heimild til þess að flytja áfengi án áfengisgjalds inn til landsins.

C.1.

1 lítri sterkt áfengi	4 einingar sterkt áfengi
ekkert léttvín	0 einingar léttvín
9 lítrar öl	3 einingar öl
Samtals	7 einingar

Frumvarpið gerir ráð fyrir **tæplega 14% prósent lækkun** núgildandi heimildar til þess að flytja áfengi án áfengisgjalds inn til landsins.

C.2.

ekkert sterkt áfengi	0 einingar sterkt áfengi
1,5 lítrar léttvín	2 einingar léttvín
9 lítrar öl	3 einingar öl
Samtals	5 einingar

Frumvarpið gerir ráð fyrir **20% hækkun** núgildandi heimildar til þess að flytja áfengi án áfengisgjalds inn til landsins.

D.

ekkt sterkt áfengi	0 einingar sterkt áfengi
ekkt léttvín	0 einingar léttvín
12 lítrar öl	4 einingar öl
Samtals	4 einingar

Frumvarpið gerir ráð fyrir **50% hækkun** núgildandi heimildar til þess að flytja áfengi án áfengisgjalds inn til landsins.

Sterkt áfengi

Frumvarpið gerir ráð fyrir **50% hækkun** núgildandi hámarksheimildar 5. tl. 1. mgr. 6. gr. gjaldalaga til þess að flytja sterkt áfengi án áfengisgjalds inn til landsins, þ.e. ef gert er ráð fyrir að öll heimildin sé nýtt til innflutnings á sterku áfengi.

II. 1. mgr. 6. tl. 6. gr. gjaldalaga

Skipverjar - 15 dagar eða lengur - Samtals 11 einingar samkvæmt frumvarpi

A.

1,5 lítrar sterkt áfengi	6 einingar sterkt áfengi
3 lítrar léttvín	4 einingar léttvín
ekkt öl	0 einingar öl
Samtals	10 einingar

Frumvarpið gerir ráð fyrir **10% hækkun** núgildandi heimildar til þess að flytja áfengi án áfengisgjalds inn til landsins.

B.1

1,5 lítrar sterkt áfengi	6 einingar sterkt áfengi
ekkt léttvín	0 einingar léttvín
24 lítrar öl	8 einingar öl
Samtals	14 einingar

Frumvarpið gerir ráð fyrir **21% lækkun** núgildandi heimildar til þess að flytja áfengi án áfengisgjalds inn til landsins.

B.2.

ekkt sterkt áfengi	0 einingar sterkt áfengi
1,5 lítrar léttvín	2 einingar léttvín
24 lítrar öl	8 einingar öl
Samtals	10 einingar

Frumvarpið gerir ráð fyrir **10% hækkun** núgildandi heimildar til þess að flytja áfengi án áfengisgjalds inn til landsins.

Sterkt áfengi

Frumvarpið gerir ráð fyrir **83% hækkun** núgildandi hámarksheimildar 1. mgr. 6. tl. 1. mgr. 6. gr. gjaldalaga til þess að flytja sterkt áfengi án áfengisgjalds inn til landsins, þ.e. ef gert er ráð fyrir að öll heimildin sé nýtt til innflutnings á sterku áfengi.

III. 2. mgr. 6. tl. 6. gr.

Skipverjar - skemur en 15 dagar - Samtals 6 einingar samkvæmt frumvarpi

A.

0,75 lítrar sterkt áfengi	3 einingar sterkt áfengi
1,5 lítrar léttvín	2 einingar léttvín
ekkt öl	0 einingar öl
Samtals	5 einingar

Frumvarpið gerir ráð fyrir **20% hækkun** núgildandi heimildar til þess að flytja áfengi án áfengisgjalds inn til landsins.

B.1.

0,75 lítrar sterkt áfengi	3 einingar sterkt áfengi
ekkert léttvín	0 einingar léttvín
12 lítrar öl	4 einingar öl
Samtals	7 einingar

Frumvarpið gerir ráð fyrir **14% lækkun** nógildandi heimildar til þess að flytja áfengi án áfengisgjalds inn til landsins.

B.2.

ekkert sterkt áfengi	0 einingar sterkt áfengi
0,75 lítrar léttvín	1 eining léttvín
12 lítrar öl	4 einingar öl
Samtals	5 einingar

Frumvarpið gerir ráð fyrir **20% hækkun** nógildandi heimildar til þess að flytja áfengi án áfengisgjalds inn til landsins.

Sterkt áfengi

Frumvarpið gerir ráð fyrir **100% hækkun** nógildandi hámarksheimildar 2. mgr. 6. tl. 1. mgr. 6. gr. gjaldalaga til þess að flytja sterkt áfengi án áfengisgjalds inn til landsins, þ.e. ef gert er ráð fyrir að öll heimildin sé nýtt til innflutnings á sterku áfengi.

IV. 1. mgr. 7. tl. 6. gr. gjaldalaga

Flugverjar - 15 dagar eða lengur - Samtals 5 einingar samkvæmt frumvarpi

A.

1 lítri sterkt áfengi	4 einingar sterkt áfengi
0,75 lítrar léttvín	1 eining léttvín
6 lítrar öl	2 einingar öl
Samtals	7 einingar

Frumvarpið gerir ráð fyrir **29% lækkun** nógildandi heimildar til þess að flytja áfengi án áfengisgjalds inn til landsins.

B.1.

1 lítri sterkt áfengi	4 einingar sterkt áfengi
ekkert léttvín	0 einingar léttvín
9 lítrar öl	3 einingar öl
Samtals	7 einingar

Frumvarpið gerir ráð fyrir **29% lækkun** nógildandi heimildar til þess að flytja áfengi án áfengisgjalds inn til landsins.

B.2.

ekkert sterkt áfengi	0 einingar sterkt áfengi
0,75 lítrar léttvín	1 eining léttvín
9 lítrar öl	3 einingar öl
Samtals	4 einingar

Frumvarpið gerir ráð fyrir **25% hækkun** nógildandi heimildar til þess að flytja áfengi án áfengisgjalds inn til landsins.

Sterkt áfengi

Frumvarpið gerir ráð fyrir **20% hækkun** nógildandi hámarksheimildar 1. mgr. 7. tl. 1. mgr. 6. gr. gjaldalaga til þess að flytja sterkt áfengi án áfengisgjalds inn til landsins, þ.e. ef gert er ráð fyrir að öll heimildin sé nýtt til innflutnings á sterku áfengi.

V. 2. málsliður 7. tl. 6. gr. gjaldalaga

Flugverjar - skemur en 15 dagar - Samtals 3 einingar samkvæmt frumvarpi

A.

0,5 lítrar sterkt áfengi 2 einingar sterkt áfengi

0,75 lítrar léttvín 1 eining léttvín

3 lítrar öl 1 eining öl

Samtals 4 einingar

Frumvarpið gerir ráð fyrir **25% lækkun** nógildandi heimildar til þess að flytja áfengi án áfengisgjalds inn til landsins.

B.1

0,5 lítrar sterkt áfengi 2 einingar sterkt áfengi

ekkert léttvín 0 einingar léttvín

6 lítrar öl 2 einingar öl

Samtals 4 einingar

Frumvarpið gerir ráð fyrir **25% lækkun** nógildandi heimildar til þess að flytja áfengi án áfengisgjalds inn til landsins.

B.2.

ekkert sterkt áfengi 0 einingar sterkt áfengi

0,75 lítrar léttvín 1 eining léttvín

6 lítrar öl 2 einingar öl

Samtals 3 einingar

Frumvarpið gerir ráð fyrir **óbreyttri** heimild til þess að flytja áfengi án áfengisgjalds inn til landsins.

Sterkt áfengi

Frumvarpið gerir ráð fyrir **50% hækkun** nógildandi hámarksheimildar 2. mgr. 7. tl. 1. mgr. 6. gr. gjaldalaga til þess að flytja sterkt áfengi án áfengisgjalds inn til landsins, þ.e. ef gert er ráð fyrir að öll heimildin sé nýtt til innflutnings á sterku áfengi.